

Íslenskur iðnaður

FRÉTTABRÉF

2. tbl. • Febrúar 2001

Efnisyfirlit

Vextir sem bita

Ritstjórnargrein



2

Nýir félagsmenn



3

Ný lög um fæðingar-og foreldraorlof



4

Jafnrétti kynja í fyrirtækjum og stofnunum



5

Gengið eftir hæfnisvottun málmsuðumanna



8



Frá Iðþingi

Umhverfi iðnaðar á nýrri öld

Iðþing Samtaka iðnaðarins verður haldið í áttunda sinn þann 16. mars nk. undir yfirskriftinni: Umhverfi iðnaðar á nýrri öld. Dagskráin gefur tilefni til þess að ætla að það verði bæði spennandi og fróðlegt.

Að venju fara fram kosningar til stjórnar og ráðgjafaráðs. Kosinn er formaður, fjórir af sjö stjórnarmönnum og sex fulltrúar í ráðgjafaráð. Það er gleðilegt að hópur góðra manna gefur kost á sér til þessara trúnaðarstarfa og er búist við spennandi kosningum en úrslitin verða kynnt á Iðþingi.

Verðlaunasjóður iðnaðarins hefur ákveðið að veita verðlaun úr sjóðnum á þessu ári fyrir framúrskarandi árangur á sviði iðnaðar. Verðlaunin verða afhent á Iðþingi og verður gaman að sjá hver hreppir hnossið.

Fjórir valinkunnir menn flytja erindi um mál sem munu hafa mikil áhrif á þróun iðnaðarins á næstu árum og áratugum. Hér skal sérstaklega nefna umfjöllun fjármálaráðherra, Geirs H. Haarde, um einkavæðingu og kynningu Per Magnus Wijkman á skýrslu UNICE um Nýja hagkerfið. Svo vill til að skýrslan verður gefin út og kynnt af Per Magnus í Brussel daginn fyrir Iðþing. Þarna verða því sannarlega glæný tíðindi á ferðinni.

Allir eru velkomnir til Iðþings og eru áhugamenn um framtíð íslensks iðnaðar sérstaklega hvattir til þess að koma til þingsins.

Að kvöldi sama dags halda Samtök iðnaðarins árshóf sitt í Versölum, veislusal Húss iðnaðarins og hefst það klukkan 19.30 með fordrykk.

Vextir sem bíta

Hagsveiflur liðinna ára hafa flestar eða allar átt uppruna sinn í hafinu annaðhvort vegna breytilegs afla eða verðsveiflna á afurðum og olíu. Þótt þessar sveiflur hafi verið hver með sínu sniði, mislangar og miskrappar hafa öll hagvaxtarskeið endað með einhvers konar gjaldeyris- og afkomukreppu. Sú uppsveifla, sem staðið hefur allar götur frá árinu 1994, er ekki með gamla laginu. Hún kemur ekki úr hafinu. Þegar skoðað er hvaðan hagvöxtur liðinna ára er sprottinn kemur í ljós að hann á rætur að rekja til iðnaðar, verslunar og þjónustustarfsemi. Margir, þar á meðal hagfræðingar sem ástæða er til að taka mark á, hafa talið að breytingar á hagkerfinu, opnun þess og aukin samkeppni leiði til sjálfvirkar sveiflujöfnunar.

IÐNAÐURINN VIÐKVÆMUR

Iðnaðurinn hefur öðrum atvinnugreinum fremur farið illa út úr miklum og tíðum efnahagssveiflum liðinna ára. Ástæðan er sú að iðnþróun byggist á langvarandi vöruþróunar- og markaðsstarfi. Það tekur þess vegna langan tíma að byggja upp aftur það sem rífið er niður á þensluskeiðum í sjávarútvegi og efnahagslegum slysum sem þeim hefur jafnan fylgt. Eftir síðasta

stórslys af þessu tagi fækkaði ársverkum í almennum iðnaði um 4.600 á árunum 1987-1993. Þetta skýrir vel hvers vegna krafan um sveiflujöfnun og stöðugleika hefur átt mikinn hljómgrunn í iðnaðinum.


NÝJA HAGKERFIÐ

Menn hafa undanfarin ár horft til Bandaríkjanna með undrun og aðdáun. Nýja hagkerfið knúði áfram af tækni- framförum, traustum rekstrarskilyrðum og sveigjanlegum vinnu- markaði veldur framleiðniaukningu og auknum kaupmætti. Verðbólgan hefur verið lítil og dalurinn sterkur. Á meðan fyrirtækin blómstruðu og hlutabréfaverð var hátt virtust fáir hafa áhyggjur af háum vöxtum og viðskiptahalla. Þetta fór hins vegar að breytast þegar leið á árið 2000.



HVAÐ GERA ÞEIR?

Einkenni okkar hagkerfis eru að mörgu leyti svipuð því bandaríska þótt stærðin sé auðvitað gerólik. Vextir eru að vísu helmingi hærrí hér en í Bandaríkjunum og viðskiptahallinn er rúmlega tvöfaldur miðað við landsframleiðslu svo að ekki sé nú minnst á stöðugleika gjaldmiðilsins. Hlutabréf hafa að undanförunni fallið mjög í verði. Það, sem athygli vekur nú, er að um leið og dregur úr hagvextinum í Bandaríkjunum grípa stjórnvöld til vaxtalækkana til þess léttu undir með fyrirtækjunum og forðast svokallaða harða lendingu. Nýkjörinn forseti Bandaríkjanna vill lækka skatta á fyrirtæki og virtustu hagfræðingar landsins hafa tekið undir. Þeir telja að skattalækkun á fyrirtæki sé tímabær í ljósi góðrar afkomu og minnkandi skulda ríkissjóðs. Markmiðið er að efla hagvöxtinn að nýju og halda honum í jafnvægi.



VAXTAOKRIÐ SLIGAR

Íslensk fyrirtæki eru í opinni og óheftri samkeppni við fyrirtæki í Evrópu og út um allan heim. Vextir hér á landi eru hins vegar rúmlega tvöfaldir evru-vextir eins og sjá má af meðfylgjandi mynd. Flestir sjá að hin einhliða hagstjórn okkar með síendurteknum vaxtahækkunum er ekki trúverðug og hún fær því vart staðist til lengdar. Gengi krónunnar er haldið uppi með handafli. Upphaf Asíukreppunnar frægu var öfgafullt samspil viðskiptahalla, fastgengis og ofurvaxta sem endaði með gjaldeyriskreppu og fjármagnsflotta. Þegar sú kreppa brast á voru menn enn að tala um að þörf væri á að hækka vextina enn frekar! Fjárfestarnir sáu hins vegar að vextirnir voru að sliga efnahagslífið og lögðu á flotta.

TÍMABÆRT AÐ SLAKA Á KLÓNNI?

Bandaríkjamenn leita nú mjúkrar lendingar með skattalækkunum á fyrirtæki og vaxtalækkunum. Forsætisráðherra okkar hefur nýlega tekið í sama streng og sagt að tímabært sé að huga að skattalækkun á fyrirtæki og að vaxtalækkun sé skammt undan. Þetta vekur vonir um að slakað verði á klónni áður en afkoma fyrirtækjanna og tiltrú fjárfesta brestur. Vandinn hér er að tímasetja þessar breytingar því að hagtlugerð okkar virðist vera ákaflega frumstæð og langt á eftir tímanum. Hættan er því sú að of seint verði gripið í taumana. Sjó vaxtahækkunar í röð hafa langvarandi og bitandi áhrif á atvinnulífið. Yfirlýst markmið er að draga úr þenslunni en ekki að bíta höfuðið af fyrirtækjunum í landinu. Þá verður engin mjúk lending að minnsta kosti ekki í iðnaðinum þótt opinberir starfsmenn haldi sjálfsagt flestir vinnunni.

Sveinn Hannesson



ÍSLENSKUR IÐNAÐUR
02. tbl. Febrúar 2001
ISSN 1022-7741

För í prentsmíðu: 22.02. 2001
Prentvinnsla: Prenttækni hf.
Hönnun og myndskreytingar: Vala Óla.

Útgefandi: Samtök iðnaðarins
Hallveigarstíg 1, Pósthólf 1450,
121 Reykjavík
Sími: 511 5555, fax: 511 5566
Kennitala 511093-2019
www.si.is, e-mail: thora@si.is/thorak@si.is

Ábyrgðarmaður: Sveinn Hannesson
Ritstjóri: Haraldur D. Nelson
Efnisstjóri og umbrot/setning: Þóra Ólafsdóttir
Efnisstjóri og málfarsráðunautur: Þóra Kristín Jónsdóttir
Fjölmiðlum er frjálst að nota efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilfellum.

Trésmiðir í fjórða lið



Trésmiðja Þráins E. Gíslasonar á Akranesi er eitt þeirra fyrirtækja sem nýlega gengu í Samtök iðnaðarins. Fyrirtækið sem er ungt að árum, fagnaði fimm ára afmæli sínu fyrir skömmu. Það hóf starfsemi sína í 160 fermetra húsnæði og starfsmennirnir voru þrír. Nú hefur húsnæðið verið stækkað í 1000 fermetra og þar starfa að jafnaði um 35 manns.

Að sögn Þráins sinnir fyrirtækið alls konar verkefnum, svo sem viðgerðum, nýsmíði og smíði innréttinga. Það tekur þátt í útboðum og byggir fyrir aðra en hefur einnig byggt og selt 40 til 50 íbúðir á Akranesi. Meðal annars tók trésmiðjan að sér að smíða stiga og fleiri innréttingar í nýrri verslun Nanoqs í Kringlunni og ennfremur nýtt upplýsingaborð á jarðhæð Kringlunnar.

Þráinn segir að verkefnastaðan sé sæmlega eins og er. Fyrirtækið er nú að skipuleggja byggingasvæði sem því var úthlutað í svonefndu Flatahverfi á sl. ári og verður það væntanlega tilbúið í sumar. Þar verða 33 íbúðir í einbýlis-, par- og raðhúsum og sexbýlishúsi. Þráinn segir að mikil umsvif séu nú á Akranesi. Spurn eftir húsnæði bæði meðal heimamanna og utanbæjarfólks sé mikil en lóðir hafi verið af skornum skammti þar til nýlega en það horfir mjög til betri vegar. Íbúum hefur fjölgað mikið á örfáum árum og eru þeir nú um 5440 eða álíka margir og árið 1988. Þráinn segir að tilkoma Norðuráls og stækkun Járblendiverksmiðjunnar hafi haft mikil áhrif á þessa þróun en síðast en ekki síst hafi Hvalfjarðargöngin skipt sköpum enda séu ýmsir Akurnesingar í vinnu á höfuðborgarsvæðinu.

Þegar Þráinn stofnaði fyrirtækið fyrir fimm árum hafði ekki verið samþykkt teikning af íbúðarhúsi á Akranesi í þrjú ár og næstu ár á undan u.þ.b. ein á ári. Trésmiðjan varð þá fyrsta byggingafyrirtækið til að byggja einbýlishús til að selja á almennum markaði á Akranesi í 10 ár og Þráinn segir hafa tekið heilt ár að selja það. Á þessum árum voru þó byggðar tvær blokkir á Akranesi og fáeinir byggðu hús sín á eigin vegum.

Að lokum má geta þess að Þráinn er þriðji ættliður sem leggur fyrir sig trésmíði á Akranesi og sonur hans hyggst halda merki fjölskyldunnar á lofti því að hann hóf nám í trésmíði á liðnu hausti í Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi.

Þóra Kristín Jónsdóttir

Ný þjónusta Form.is



Form.is var stofnað fyrir réttum tveimur árum. Fyrirtækið sérhæfir sig í gerð rafrænna eyðublaða til notkunar á Netinu og sér um uppsetningu, viðhald og rekstur þeirra fyrir viðskiptavinum sína.

Hugmyndin að þjónustu Form.is kviknaði árið 1998 en hún byggist á þeirri þróun sem hófst með Evrópuverkefninu SERVEX og var unnið í samstarfi fjögurra hugbúnaðarfyrirtækja í Frakklandi, Belgíu, Grikklandi og Íslandi. Evrópusambandið styrkti verkefnið með 350 milljóna króna framlagi. SERVEX verkefninu lauk í byrjun árs 1999 og hlaut hæstu tæknieinkunn sem Evrópusambandið gaf

fyrir verkefni af þessu tagi. Í kjölfar þess var Form ehf. stofnað en það er í eigu ríflega 50 aðila og meðal þeirra eru Landssíminn, EFA, VÍS, GoPro Landsteinar Group, Búnaðarbankinn, Íslenski hugbúnaðarsjóðurinn, Frjálsi lífeyrissjóðurinn, Kaupþing Lux og OLÍS.

Skömmu eftir að Form.is var stofnað var hafið þróunarsamstarf með aðilum úr báðum stigum opinberrar stjórn-sýslu, þ.e. ríkis og sveitarfélaga, með það að markmiði að bjóða almenningi og fyrirtækjum sem víðtækasta þjónustu auk þess að tryggja samræmi við þarfir þessara aðila svo og lög og reglugerðir um rafrænar undirskriftir og persónuvernd.

Í Danmörku hefur verið stofnað fyrirtæki undir nafninu Form.dk til að annast uppbyggingu á danska markaðinum. Form.dk hlaut á dögunum 60 milljóna króna styrk í verkefnasamkeppni um rafræna stjórn-sýslu sem efnt var til á Norður-Jótlandi en alls tóku 122 verkefni þátt í samkeppninni og hlaut verkefni Form.dk næsthæsta styrk sem veittur var.

Nú hafa 10 aðilar gengið til samstarfs við Form.is um miðlun rafrænna eyðublaða. Þar á meðal eru fjögur bæjarfélög, þrjú tryggingafélög, banki og tvær opinberar stofnanir.

Þóra Kristín Jónsdóttir

Ný lög um fæðingar- og foreldraorlof

Ný lög um fæðingar- og foreldraorlof tóku gildi hinn fyrsta janúar síðastliðinn. Lögin taka til réttinda foreldra á innlendum vinnumarkaði en eiga einnig við um foreldra sem eru sjálfstætt starfandi, utan vinnumarkaðar eða í námi.

Markmið laganna er að tryggja barni samvistir bæði við föður og móður en ekki síst að gera bæði konum og körlum kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf. Lögin fela í sér verulegar breytingar sem mikilvægt er að vinnuveitendur kynni sér vel.

RÉTTUR FORELDRA

Foreldrar á vinnumarkaði eiga sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs í allt að þrjú mánuði hvort um sig vegna fæðingar, frumættleiðingar eða töku barns í varanlegt fóstur og er sá réttur ekki framseljanlegur. Auk þess eiga foreldrar sameiginlegan rétt á þremur mánuðum til viðbótar sem annað foreldrið getur tekið í heild eða foreldrar skipt með sér. Réttur til fæðingarorlofs fellur niður þegar barnið nær 18 mánaða aldri.

GREIÐSLUR TIL FORELDRA

Fæðingarorlofssjóður skal annast greiðslur til foreldra sem njóta réttinda til greiðslu í fæðingarorlofi. Rétt til greiðslna öðlast foreldrar sem verið samfellt í sex mánuði á innlendum vinnumarkaði fyrir upphafsdag fæðingarorlofs. Mánaðarleg greiðsla Fæð-



ingarorlofssjóðs til starfsmanns í fæðingarorlofi er 80% af meðaltali heildarlauna og skal miða við 12 mánaða samfellt tímabil sem lýkur tveimur mánuðum fyrir upphafsdag fæðingarorlofs. Til launa teljast hvers konar laun og aðrar þóknanir.

TILKYNNING UM FÆÐINGARORLOF

Þegar starfsmaður vill nýta rétt til fæðingarorlofs á hann að tilkynna það vinnuveitanda eins fljótt og kostur er og í síðasta lagi átta vikum fyrir áætlaðan fæðingardag barns. Tilkynning um töku fæðingarorlofs skal vera skrifleg. Þar skal tilgreina fyrirhugaðan upphafsdag orlofsins, lengd og tilhögun. Jafnframt skal tilgreina fyrirhugaða skiptingu fæðingarorlofs milli foreldra barns.

Starfsmanni er óheimilt, nema með sérstöku samþykki vinnuveitanda, að taka lengra foreldraorlof en 13 vikur á hverju 12 mánaða tímabili. Í 25. grein

segir m.a. að Vinnuveitandi á að leitast við að koma til móts við óskir starfsmanns um tilhögun foreldraorlofs.

STARFSRÉTTINDI HALDAST

Þau réttindi, sem starfsmaður hefur þegar áunnið sér eða er að ávinna sér á upphafsdegi foreldraorlofs, eiga að haldast óbreytt til loka orlofsins og við lok þess skulu þau réttindi gilda svo og breytingar sem kunna að hafa orðið á grundvelli laga eða kjarasamninga. Starfsmaður á rétt á að hverfa aftur að starfi sínu að loknu fæðingareða foreldraorlofi en sé þess ekki kostur á hann rétt á sambærilegu starfi hjá vinnuveitanda í samræmi við ráðningarsamning.

Þóra Kristín Jónsdóttir

Jafnrétti kynja í fyrirtækjum og stofnunum

Í vor samþykkti Alþingi ný lög (96/2000) um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Í þeim felst nokkur breyting frá fyrri lögum m.a. að því er snertir fyrirtæki sem rétt er að vekja athygli á. Í 13. grein segir að fyrirtæki og stofnanir, þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn, skuli setja sér jafnréttisáætlun eða kveða sérstaklega á um jafnrétti kvenna og karla í starfsmannastefnu sinni.

Í lögnum eru ýmis fleiri mikilvæg ákvæði sem varða vinnumarkaðinn sérstaklega m.a.:

- að atvinnurekendur og stéttarfélag skuli vinna markvisst að því að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði.
- að konum og körlum, sem starfa hjá sama atvinnurekanda, skuli greidd jöfn laun og njóta sömu kjara fyrir jafnverðmæt og samþærileg störf.
- að atvinnurekendur skuli tryggja að konur og karlar njóti sömu möguleika til endurmenntunar, starfsþjálfunar og til að sækja námskeið.
- að atvinnurekendur skuli gera sérstakar ráðstafanir til að gera konum



og körlum kleift að samræma starfsskyldur sínar og skyldur gagnvart fjölskyldu.

Þá segir í lögnum: „Athygli skal ennfremur vakin á því að sá sem af ásettu ráði eða vanrækslu brýtur gegn lögum þessum er skaðabótaskyldur samkvæmt almennum reglum.“

Jafnréttisstofa veitir ráðgjöf og fræðslu og hefur eftirlit með fram-

kvæmd laganna að því er segir í bréfi frá stofnunni dags. 4. janúar 2001. Í bréfinu er einnig lagt til að stjórnendur fyrirtækja kynni sér umrædd lög rækilega en þau er hægt að nálgast á vefsetri jafnrétti.is. Í verkefnaáætlun stofunnar, sem kynnt verður á næstunni, verður lögð áhersla á ýmsa þjónustu við fyrirtæki, m.a. ráðgjöf um gerð jafnréttisáætlana.

Vöruflokkunarkerfi fyrir rafræn viðskipti



Nýlega kynnti Staðlaráð Íslands alþjóðlegt vöruflokkunarkerfi til notkunar í rafrænum viðskiptum en ráðið vinnur nú að því að þýða og laga kerfið að íslenskum aðstæðum.

Kerfið nefnist UN/SPSC (unspsc.org) og er þróað af ECCMA (eccma.org), samtökum sem vinna að þróun og

notkun staðla í alþjóðlegum rafrænum viðskiptum.

Staðlaráð vinnur áfram að frekari þróun og kynningu á kerfinu og mun veita fyrirtækjum og stofnunum ráðgjöf um notkun þess. Nokkur íslensk fyrirtæki hafa nú þegar tekið kerfið í þjónustu sína.

Samningaviðræður um Tækniháskóla Íslands án árangurs

Menntamálaráðuneytið og Undirbúningsfélag um stofnun og rekstur tækniháskóla hafa um alllangt skeið átt viðræður um möguleika á því að stofna og reka nýjan tækniháskóla, m.a. á grunni Tækniskóla Íslands.

Viðræðurnar hafa verið víðtækar og málefnalegar en ekki hefur tekist að

finna sameiginlegan grundvöll varðandi fjármögnun tækniháskólans sem báðir aðilar geta sætt sig við. Í því ljósi hafa þeir talið rétt að slíta með formlegum hætti þessum viðræðum um málið með sameiginlegri yfirlýsingu.

Menntamálaráðuneytið og þeir, sem standa að Undirbúningsfélaginu: Samtök iðnaðarins, Alþýðusamband Íslands, Tæknifræðingafélag Íslands og rannsóknastofnanir atvinnuveganna, eru eftir sem áður sammála um að nauðsynlegt sé að efla verk- og tæknimenntun sem hafi sterk tengsl við atvinnulífið.

Í hinni sameiginlegu yfirlýsingu kemur fram að samningsaðilarnir munu vinna áfram að þessu markmiði.

Það er hins vegar ljóst að verulegar breytingar þurfa að verða á forsendum málsins til að hægt sé að taka aftur upp þráðinn varðandi nýjan tæknihá-

skóla. Hvort slíkar forsendur finnast er óljóst á þessari stundu en markmiðið að efla verk- og tæknimenntun þolir enga bið því að þörf atvinnulífsins fyrir tæknifólk á öllum sviðum heldur áfram að vaxa.

Það voru vissulega mikil vonbrigði að ekki tókst að ljúka þessum viðræðum með samningi en vönduð vinna hafði verið lögð í það á síðasta ári að móta stefnu, framkvæmd, skipulag og samningsgerð fyrir hinn nýja tækniháskóla. Samtök iðnaðarins munu á næstunni skoða alla möguleika í stöðunni að nýju, því að hagsmunir iðnaðarins eru einfaldlega of miklir í þessu máli til þess að láta það endanlega niður falla.

Davíð Lúðvíksson



Kaka ársins 2001 kynnt á konudaginn í aðildarbakaríum LABAK

Landssamband bakameistara efndi nýlega til samkeppni meðal félagsmanna sinna og starfsmanna þeirra um köku ársins 2001. Keppnin tókst mjög vel og skiluðu 15 keppendur kökum í keppnina undir dulnefni.

Dómnefnd, skipuð bakameisturum og sælkerum úr fjölmiðlastétt, valdi sigurkökuna og var hún kynnt í öllum aðildarbakaríum LABAK á konudaginn. Höfundar verðlaunakökkunnar eru tveir ungir bakararveinar, Benedikt Helgason og Jón Björn Ríkhartsson.

Vottun á byggingavörum virt að vettugi

Á síðustu misserum hefur mikið verið rætt og ritað um vottun lagnaefna og virðast flestir vera sammála um nauðsyn þess að tryggja rétt val efna hverju sinni.

En það eru ekki bara lagnaefni sem samkvæmt byggingarreglugerð skulu standast íslenskar aðstæður því að árið 1996 var gerð breyting á byggingarreglugerðinni þar sem í grein nr. 177/1992 var krafist vottunar allra byggingarhluta sem framleiddir eru utan byggingarsvæðis.

Í nýrri reglugerð sem kom út árið 1998 breytist sú grein í grein 121 og hljóðar svo:

„121.1 Byggingareining (húseining, húshluti, byggingarhluti) sem framleidd er í verksmiðju eða á verkstæði og ætlað er ákvæðið sérhæft hlutverk í byggingu skal ávallt bera vottun skv. ákvæðum í gr. 120.

121.2 Löggiltur hönnuður, sem notar byggingareiningar skal sannprófa að vottun þeirra sé í samræmi við kröfur

byggingarreglugerðar.“

Ákvæði þetta var væntanlega sett til þess að auka líkur á að gluggar og hurðir, ásamt öðrum byggingarhlutum, standist íslenskar aðstæður, tryggi hámarksendingu og lágmarksviðhald og verndi þar með hagsmuni húsbýggjenda og kaupenda.

Rannsóknastofnun byggingaiðnaðarins lagði strax vinnu í að útbúa framleiðslukröfur fyrir glugga- og hurðaframleiðendur annars vegar og glerframleiðendur hins vegar.

Allir helstu glugga- og glerframleiðendur landsins tóku þátt í gæða- og eftirlitsverkefni að tilstuðlan Rb og Iðntæknistofnunar og verkefnið naut styrkja úr opinberum sjóðum.

HAGSMUNIR HÚSBYGGJENDA FYRIR BORD BORNIR

Nú, þegar níu ár eru liðin frá þessum breytingum á byggingarreglugerðinni, hefur ekki ennþá verið látið reyna á þetta ákvæði og byggingafulltrúar fara ekki fram á viðeigandi vottorð um



Sýnishorn af vottorði

gæði og notagildi byggingareininga þegar gluggar og hurðir eiga í hlut. Þetta ætti að vera byggingaryfirvöldum, húsbýggjendum sem og framleiðendum mikið áhyggjuefni.

Ferdinand Hansen

Skipulag vinnustaðanáms til skoðunar

Kostnaður af vinnustaðanámi leggst misjafnt á fyrirtæki. Sérstakur starfshópur SI vinnur að tillögum um fjárhagslega ábyrgð á vinnustaðanámi.

Sérstakur starfshópur Samtaka iðnaðarins hefur undanfarið unnið tillögur að lausn á svokölluðum vanda vinnustaðanáms í samvinnu við fulltrúa Samtaka ferðaþjónustunnar.

Vandinn er í stuttu máli þessi: Mörg fyrirtæki bera mikinn kostnað af vinnustaðanámi en önnur taka ekki nema. Þetta skekkir samkeppnisstöðuna og á þátt í mismunandi afkomu fyrirtækja. Í framhaldi er spurt: Er

æskilegt að jafna þennan mun? Hvernig?

Tæplega 50 fyrirtæki voru spurð ýmissa spurninga varðandi vinnustaðanám, hvernig mætti jafna kostnað fyrirtækja af því og með hvaða hætti eðlilegt mætti telja að stjórnvöld kæmu að því.

Hraðfara tæknibreytingar leiða af sér að mikilvægi vinnustaðanáms eykst stöðugt. Niðurstöður könnunarinnar staðfesta víðtækan áhuga í atvinnulífinu á því að vinnustaðanám verði bætt, starfsmönnum og fyrirtækjum til hagsbóta. M.a. er vaxandi þörf á því að þjálfa og mennta tiltekna

starfsmenn til að leiðbeina nimum á vinnustað.

Miklum fjármunum er varið til vinnustaðanáms. Íslensk fyrirtæki greiða til þess háar fjárhæðir, hundruð milljóna króna á ári. Spurning er hvort ekki sé unnt að nýta þetta fjármagn betur með breyttu skipulagi. Eins velta menn fyrir sér ábyrgð yfirvalda menntamála á þessum þætti náms.

Starfshópurinn mun skila stjórn SI niðurstöðum innan skamms. Síðar verður greint frá þeim hér á síðum Íslensks iðnaðar.

Ingi Bogi Bogason

Gengið eftir hæfnisvottun málmsuðumanna

Síðar á þessu ári verður hert allt eftirlit með að málmsuðumenn, sem vinna við suðu í skipum, geti sýnt fram á að þeir uppfylli viðmiðanir um hæfni sem krafist er við slík verk. Nú hefur verið ákveðið að fylgja reglum fastar eftir og því þurfa allir sem málið snertir að taka til hendi.

ALVARLEGT ÁSTAND

Flokkunarfélög hér á landi eru undirdeildir alþjóðlegra flokkunarfélaga, svo sem DNV, LR, GL, ABS, NKK og BV, svo að nokkur séu nefnd, og ber þeim að starfa eftir alþjóðlega viðurkenndum viðmiðunum. Þau eiga ávallt að ganga eftir að málmsuðu og skipaiðnaðarfyrirtæki, sem annast málmsuðu í skipum, framvísi hæfnisvottorðum fyrir sína suðumenn. Ef fyrirtækin geta það ekki eiga þau á hættu að missa verk og þeim vísað annað.

Flokkunarfélög hafa oft á tíðum hrakist til að sjá í gegnum fingur sér og leyfa suðu, t.d. í byrðing þótt viðkomandi verkstæði eða skipasmíðjur hafi ekki uppfyllt settar kröfur að fullu.

Allt þetta hefur nú skapað svo alvarlegt ástand að flokkunarfélögin telja sig ekki lengur geta búið við það enda eiga þau allt sitt undir að móðurfélög þeirra beri til þeirra fyllsta traust en ekki síður að skipin séu undir strangasta öryggiseftirliti að þessu leyti.

LEITAD TIL MÁLMS

Á miðju síðasta ári tóku því flest, ef ekki öll, alþjóðleg flokkunarfélög hér á landi þá sameiginlegu ákvörðun að snúa sér með formlegt erindi til MÁLMS - samtaka fyrirtækja í málmsuðu og skipaiðnaði, með ósk um að fulltrúar félaganna tækju sameiginlega á þessu alvarlega ástandi og kæmu því til betra horfs.

Stjórn MÁLMS tók erindinu vel og haldinn var sameiginlegur fundur flokkunarfélaganna og MÁLMS um málið. Þar var ákveðið að vinna saman að tillögum sem gætu leitt til lausnar því að með sama áframhaldi væri hætta á að mjög fáar smíðjur fengju að sinna þessum verkefnum í framtíðinni. Annaðhvort færu þau racleitt til útlanda eða erlendir menn, sem

uppfylla hæfniskröfurnar, yrðu fengnir til að vinna verkin hér á landi.

LEITAD LEIÐA

Nú hefur starfshópur ofangreindra aðila farið ítarlega ofan í mál þetta og lagt til að skipulega verði unnið að lausn þess.

Ljóst er að eftir nokkur ár fæðir ný námskrá í málmsuðu af sér suðumenn sem munu geta staðist umræddar hæfniskröfur enda námið miðað við kröfur Evrópsku málmsuðusamtakanna. Þessi framtíðarsýn leysir þó ekki þann vanda sem nú blasir við. Hann verður að leysa - og það strax! Þess vegna hefur starfshópurinn leitað leiða fyrir þá sem vinna slík störf núna og næstu árin og hafa ekki umrædda vottun.

Kröfur flokkunarfélaganna til suðumanna eru samkvæmt ÍST EN 287 eða sambærilegum stöðlum sem eru hæfnisprófastaðlar suðumanna. Margir hafa slík hæfnispróf og í einstaka fyrirtækjum eru þessi mál í góðu lagi. En betur má ef duga skal.

Hinum, sem bæta þurfa úr í þessum efnunum og koma hæfnisskránni sinna manna í lag, má benda á að Fræðsluráð málmiðnaðarinnar mun, líkt og undanfarin ár, bjóða þjálfun og námskeið sem nýtast við undirbúning þeirra sem gangast undir slík hæfnispróf.

Iðntæknistofnun Íslands og/eða flokkunarfélög prófa samkvæmt áðurnefndum staðli og gefa út hæfnisvottorð ef menn standast prófið.

KYNNING OG AÐGERÐIR

Á næstunni verða haldnir fundir til að kynna þetta mál. Þar verður annars vegar gerð grein fyrir kröfunum og þeim námskeiðum og þjálfun sem FM býður til þess að búa menn undir umrædd hæfnispróf. Stefnt að því að halda fundina bæði á höfuðborgarsvæðinu og úti á landi.

Fyrirtæki, sem annast skipasmíðar og/eða skipaviðgerðir, eru hvött til að kynna sér þessi mál eftir föngum og búa sig undir þá ákvörðun flokkunarfélaganna að krefjast fullgildra hæfnisvottorða næsta haust frá öllum þeim sem stunda málmsuðu í skipum.

Ingólfur Sverrisson

FELLOWS! INDUSTRY

Nýr vettvangur fyrir samstarf milli iðnaðar og vísindastofnana

Fellows for Industry er nýtt samstarfsverkefni, styrkt af Evrópusambandinu sem hefur það að markmiði að koma á samstarfi milli vísindastofnana og fyrirtækja á sviði heilbrigðis- og endurhæfingartækni. Markmiðið er að auka nýsköpunarhæfni evrópskra fyrirtækja á þessu sviði með því að greiða aðgang fyrir tækja, sérstaklega lítilla og meðalstórra að vel menntuðu starfsfólki um alla Evrópu.

Vísindamennirnir þurfa að hafa umtalsverða reynslu af vísindastörfum, hafa lokið doktorsnámi eða vera langt komnir með það. Markmið verkefnisins er að skapa aðstæður sem allir þátttakendur hafa ávinning af, þ.e.a.s. fyrirtækin auka vísindalega þekkingu

sína og vísindamennirnir öðlast nýja reynslu.

Heilbrigðis- og endurhæfingartækni eru svið sem gegna afar mikilvægu hlutverki í nútíma iðnaði. Þessar greinar byggjast á því að finna sérhæfðum rannsóknnum farveg í hagnýtum lausnum þar sem virkt samstarf og samskipti milli vísindastofnana og fyrirtækja er lykilatriði.

Verkefnið Fellows for Industry er unnið í samstarfi 12 Evrópuþjóða undir stjórn austurrískrar stofnunar Bureau for International Research and Technology Co-operation. Á vegum þess er fyrirtækjum og ungum vísindamönnum boðin þjónusta við að komast í samstarf í gegnum styrkjakerfi Evrópusambandsins sem kennt er við Marie Curie. Þjónustan felst í að veita

fyrirtækjum og vísindamönnum upplýsingar um styrkjakerfið og markvissri aðstoð við að sækja um styrki og finna besta mögulegan samstarfsaðila, þ.e. vísindamann, sem hentar fyrirtækinu eða fyrirtæki sem hentar vísindamanninum. Þessi þjónusta er umsækjendum algerlega að kostnaðarlausu. Nánari upplýsingar um verkefnið er að finna á vefslóðinni bit.ac.at/fellows_for_industry.htm

Íslenskir þátttakendur í verkefninu eru Samtök iðnaðarins og Rannsóknarráð Íslands. Upplýsingar veita Halldór Pétur Þorsteinsson hjá Heilbrigðistæknivettvangi í síma 560 1595, netfang: htv@htv.is og Ragnheiður Héðinsdóttir, Samtökum iðnaðarins í síma 511 5555, netfang: ragnheidur@si.is.



Samstarf 18 Evrópulanda um stuðning við útrás lítilla og meðalstórra fyrirtækja

Samtök iðnaðarins taka þátt í samstarfi 18 landa um stuðning við útrás lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Verkefnið felst í því að kynna fyrirtækjum möguleika á stuðningi Evrópusambandsins við þróunarverkefni.

Net tengiliða í 18 löndum er notað til að koma með markvissum hætti á samstarfi milli fyrirtækja í ýmsum Evrópulöndum með það að markmiði að efla fyrirtækin og opna þeim nýja markaði og möguleika.

Fyrirtæki, sem hafa hug á að komast

í samstarf við fyrirtæki eða stofnanir í öðrum löndum, geta fengið aðstoð við að skrá niður upplýsingar um sitt eigið fyrirtæki og við hvers konar fyrirtæki þau vilja komast í samstarf. Réttir samstarfsaðilar eru svo fundnir með því að leita í gagnagrunni sem verður til í verkefninu. Evrópusambandið býður styrki sem sérstaklega eru ætlaðir litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Í gegnum þetta verkefni er fyrirtækjum boðin aðstoð við að sækja um slíka styrki.

Þeir, sem vilja fá sérfræðinga í heimsókn til þess að ræða hugmyndir um

nýsköpun og samstarf við erlend fyrirtæki, eru hvattir til að hafa samband og fá nánari upplýsingar.

Frekari upplýsingar gefa Ragnheiður Héðinsdóttir hjá Samtökum iðnaðarins í síma 511 5555, netfang: ragnheidur@si.is og Hörður Jónsson hjá Rannsóknarráði Íslands í síma 515 5800, netfang: hordur@rannis.is. Nánari upplýsingar um þetta verkefni er að finna á vefsetri si.is og á sérstöku vefsetri verkefnisins bit.ac.at/partners_for_life.htm.

Breytingar á SAMSTARFI



Menntamálaráðherra hefur sent fulltrúum atvinnurekenda og launafólks í SAMSTARFI (Samstarfsnefnd um starfsmenntun á framhaldsskólastigi) tillögur að nýju fyrirkomulagi SAMSTARFS. Fulltrúarnir lýstu yfir ánægju með tillögurnar og óska eftir samvinnu um nánari útfærslu þeirra.

Eins og greint var frá á vefsetri Samtaka iðnaðarins í síðasta mánuði fóru fulltrúar atvinnurekenda og launafólks í SAMSTARFI nýlega á fund menntamálaráðherra. Tilfnið var að óska eftir breytingum á fyrirkomulagi SAMSTARFS um leið og það verður endurskipað til næstu fjögurra ára.

Menntamálaráðherra svaraði erindinu bréflaga og fela tillögur hans í sér fjögur meginatriði:

1. Fundum SAMSTARFS verði fækkað en á þeim verði fjallað um helstu lögbundin verkefni SAMSTARFS.
2. Skipuð verði sérstök framkvæmdastjórn SAMSTARFS sem undir forystu formanns undirbúi fundi. Framkvæmdastjórn geri drög að stefnumótun til fjögurra ára.
3. Samið verði við utanaðkomandi aðila um að hafa umsjón með starfsemi SAMSTARFS.
4. Menntamálaráðherra, formenn starfsgreinaráða og fulltrúar framhaldsskóladeildar sitji suma fundi SAMSTARFS.

Fulltrúar atvinnurekenda og launafólks í SAMSTARFI föggnuðu tillögunum í svarbréfi sínu til ráðherra og lýstu sig reiðubúna til að taka þátt í nánari útfærslu á hugmyndum ráðuneytisins.

Ingi Bogi Bogason

Steinsteyppudagur

Á þriðja hundrað manns sóttu fund Steinsteyppufélags Íslands sem haldinn var nýlega á Grand Hótel í tilefni steinsteyppudags. Þar voru flutt 10 erindi um margvísleg efni sem snerta steynsteypu.



Sem dæmi má nefna að dr. Ragnar Sigurbjörnsson fjallaði um áhrif jarðskjálfta á steinsteypt mannvirki, dr. Þorvaldur Nóason fræddi fundarmenn um endurmenntun

og kröfur sem gerðar eru til steypumanna í Noregi og dr. Börge J. Wigum og Þorbjörg Hólmgeirsdóttir töluðu um vel unninn sand og úttekt á honum. Á fundinum kom m.a. fram að flutt er inn gríðarlegt magn af sandi og mól frá Noregi og að framleiða þarf miklu meira af fínsandi hér á landi en gert hefur verið til þessa.

Vilmundur Jósefsson í endurkjöri til formanns SI



Vilmundur Jósefsson, f. 24. ágúst 1949
Framkvæmdastjóri Gæðafæðis ehf.
Bíldshöfða 14, 112 Reykjavík

Í frambæði til stjórnar Samtaka iðnaðarins

Eftirtaldir hafa gefið kost á sér í komandi kosningum:



Eiður Haraldsson,
f. 17. janúar 1947
Framkvæmdastjóri
Háfells ehf.
Krókhálsi 12,
Reykjavík



Eyjólfur Sigurðsson,
f. 6. mars 1960
Framkvæmdastjóri
Kornax hf.
Korngörðum 11,
Reykjavík



Gylfi Þórðarson,
f. 5. desember 1944
Framkvæmdastjóri
Sementsverksmiðjunnar hf.
Mánabraut 20,
Akranesi



Guðlaugur Adólfsson,
f. 30. mars 1960
Húsasmiðameistari,
framkvæmdastjóri
Fagtaks ehf.
Móbergi 10,
Hafnarfirði



Hörður Arnarson,
f. 24. nóvember 1962
Forstjóri Marels hf.
Höfðabakka 9,
Reykjavík



Leifur Jónsson,
f. 27. nóvember 1952
Gullsmiður, framkvæmdastjóri Gullhallarinnar
Laugavegi 49,
Reykjavík



Magnús Ólafsson,
f. 6. mars 1944
Forstjóri Osta- og smjöröslunnar sf.
Bitruhálsi 2,
Reykjavík



Róbert Trausti Árnason,
f. 24. apríl 1951
Forstjóri Keflavíkurverktaka hf.
Keflavíkurflugvelli



Sverrir D. Hauksson,
f. 6. mars 1955
Framkvæmdastjóri prentsmiðjunnar GRAFIK, Smiðjuvegi 3,
Kópavogi



Theodór Blöndal,
f. 22. nóvember 1946
Verkefnisstjóri Stáltaks hf., stál- og skipasmíðju
Mýrargötu 10-12,
Reykjavík

Iðnþing

16. mars 2001
í húsi iðnaðarins

DAGSKRÁ

09.45 MÆTING OG AFHENDING FUNDARGAGNA

10.00 HEFÐBUNDIN AÐALFUNDARSTÖRF

1. SKÝRSLA STJÓRNAR FYRIR LIÐIÐ STARFSÁR
2. ÁRSREIKNINGAR SAMTAKA IÐNAÐARINS
3. TILLAGA STJÓRNAR AÐ FJÁRHAGSÁÆTLUN NÆSTA ÁRS
4. LAGABREYTINGAR
5. LÝST KJÖRI FORMANNS OG MEÐSTJÓRNENDA
6. KOSNING LÖGGILTS ENDURSKOÐENDA
7. KOSNING KJÖRSTJÓRA OG AÐSTOÐARMANNA HANS
8. ÖNNUR MÁL

ÁLYKTUN IÐNÞINGS

12.00 ÖPIN DAGSKRÁ

HÁDEGISVERÐUR Í BØÐI SAMTAKA IÐNAÐARINS
VERÐLAUN ÚR VERÐLAUNASJÓÐI IÐNAÐARINS AFHENT
RÆÐA FORMANNS, VILMUNDAR JÓSEFSSONAR
RÆÐA IÐNAÐARRÁÐHERRA, VALGERÐAR SVERRISDÓTTUR

14.15 UMHVERFI IÐNAÐAR Á NÝRRI ÖLD

EINKAVÆÐING

FORSENDUR OG VERKEFNI FRAMUNDAN
GEIR H. HAARDE, FJÁRMÁLARÁÐHERRA

NÝJA HAGKERFIÐ - HAGNÝT VIÐMIÐ

NÝ SKÝRSLA FRÁ UNICE KYNNT
PER MAGNUS WIJKMAN, AÐALHAGFRÆÐINGUR
SVERIGES INDUSTRIFORBUND

SAMKEPPNISSTAÐA ÍSLANDS

HVAÐ ER Í LAGI - HVERJU ÞARF AÐ BREYTA?
HÖRÐUR ARNARSON, FORSTJÓRI MARELS HF.

SKATTKERFIÐ

SAMANBURÐUR VIÐ ÖNNUR LÖND OG
NAUÐSYNLEGAR BREYTINGAR
ÞORSTEINN ÞORGEIRSSON, HAGFRÆÐINGUR SI

16.15 IÐNÞINGI SLITIÐ



**SAMTÖK
IÐNAÐARINS**

FEDERATION OF ICELANDIC INDUSTRIES